

**Sp.**

**275. Tillaga til þingsályktunar**

[148. mál]

um kjarasamninga.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því í samráði við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda, hvaða breytingar á núverandi starfsháttum og fyrirkomulagi að því er varðar gerð kjarasamninga sé æskilegt að gera með það fyrir augum, að þeim tilgangi verði náð, að rauntekjur launafólks séu á hverjum tíma svo háar sem unnt er, þannig að samrýmanlegt sé nægri atvinnu. Skulu niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

**Greinargerð.**

Þar sem mikill meiri hluti landsmanna eru launþegar, ætti það ekki að vera álitamál, að velferð þjóðarheildarinnar er mjög undir því komin, að rauntekjur

launafólks séu á hverjum tíma svo háar sem verða má, þó þannig, að samrýmanlegt sé því, að allar vinnufærar hendur geti haft vinnu, enda rýrna rauntekjur launþega sem heildar bersýnilega, ef atvinnuleysi er. Er það og höfuðverkefni samtaka launþega að vinna að sem bestum árangri í þessu efni, með samningum við vinnuveitendur sína. Eru slíkir samningar gerðir milli einstakra launþegafélaga og þeirra vinnuveitenda, er hlut eiga að máli.

En starfshættir allir og vinnubrögð við gerð slíkra samninga, svo og baráttu-aðferðir þær, sem notaðar eru við að knýja fram samninga, takist þeir ekki með friðsamlegu móti, eru í rauninni óbreyttir frá því, sem var á síðastliðinni öld, þegar launþegasamtökin voru í bernsku. Með tilliti til þeirra stórkostlegu breytinga, sem orðið hafa á öllum þjóðfélagsháttum á þeim tíma, er ekki að furða, þótt starfshættir þessir svari ekki framar kröfum tímans.

Fyrir á tímum var kaupgjaldsbaráttan raunverulega baráttu um skiptingu af-raksturs framleiðslunnar milli ágóða og vinnulauna. Atvinnurekendur höfðu þá enga aðstöðu til þess að velta kauphækkunum af sér yfir í verðlagið, þannig að þær kauphækkanir, sem fengust, urðu raunhæfar kjarabætur. Á hinn bóginn var það þá engan veginn talið í verkahring stjórnvalda að hjálpa atvinnugreinum eða fyrirtækjum, sem rekin væru með tapi, þannig að atvinnuleysi blasti við, ef boginn var spenntur of hátt í kaupgjaldskröfum, og þar sem báðum aðilum vinnumarkaðarins var þetta ljóst, hélt það slíkum kröfum í skefjum. Hinir einstöku vinnumarkaðir voru og þá miklu meira aðgreindir en nú, þannig að ár og dagur gat liðið, þar til kauphækkanir, sem urðu í einni atvinnugrein, dreifðust til annarra atvinnugreina.

Ef lítið er hins vegar á þau viðhorf, sem verið hafa að undanförmu hér á landi í þessum efnunum, þá hafa kaupgjaldssamningar, sem gerðir hafa verið, oft á tíðum grundvallast á því, að báðum aðilum vinnumarkaðarins hefur verið það ljóst, að kauphækkanir þær, sem um hefur verið samið, hafa verið svo og svo mikið umfram það, sem ágóði fyrirtækjanna hefur getað staðið undir, en ætlað til þess, að ríkisvaldið „brúaði bilið“ milli kaupgjaldsins, sem um var samið, og þess, sem atvinnurekendur gátu greitt.

Nú hefur ríkisvaldið enga fjármuni til ráðstöfunar umfram þá, sem sóttir eru annaðhvort í vasa launþega eða atvinnurekenda, þannig að hér er auðvitað um sjálfsblekkingu eina að ræða. Kauphækkanirnar hafa því verið láttnar veltast með fullum þunga yfir í verðlagið, en að því leyti, sem gegn því hefur verið staðið, hefur afleiðingin orðið taprekstur, samdráttur og atvinnuleysi. Árangur kaupgjaldsbaráttunnar að því er snertir raunhæfar kjarabætur hefur oft á tíðum orðið enginn eða jafnvel neikvæður, ef tekið er tillit til þess, að oft hefur hann kostað dýra verkfallsbaráttu, sem ekki hefur orðið bætt.

Það er því meira en tímabært, að kannaðir séu möguleikar á því að taka upp nýtt fyrirkomulag og starfshætti í þessum efnunum, er fullnægi aðstæðum í nútíma þjóðfélagi, í stað þess að byggja á fyrirkomulagi, sem er arfur frá fortíðinni og gat e. t. v. hentað aðstæðum þá, þó að það geri það ekki nú. Í nágrannalöndum okkar gegna stofnanir, sem byggðar eru upp líkt og hið nýlega stofnaða Hagráð hér á landi, sem samtök atvinnurekenda, launþega og ríkisvaldið eiga aðild að, mjög mikilvægu hlutverki í þessu efni. Slíkar stofnanir fá til meðferðar viðtækar kjara-deilur og gera tillögur til lausnar þeim. Þótt vald stofnananna sé að vísu aðeins ráðgefandi, mun reynslan víða hafa sýnt það, að mjög er eftir slíkum tillögum farið, ef sæmilega viðtækt samkomulag næst um þær innan stofnananna.

Eitt af því, sem til álita kæmi í þessu sambandi, væri að auka starfsemi Hagráðs frá því, sem nú er, þannig að til þess væri ætlað, að það gerði ákveðnar tillögur um lausn meiri háttar efnahagsvandamála, sem á döfinni eru hverju sinni, og auðvitað gætu slíkar tillögur verið mismunandi frá fulltrúum hinna ýmsu hagsmunahópa. Eftir þeirri reynslu, sem hingað til hefur verið af starfsemi Hagráðs, er þó að mínu áliti aðeins takmarkaðs árangurs að vænta af slíku.

Sú leið, sem ég tel líklegasta til þess að verða a. m. k. spor í rétta átt í þessu

efni, væri að lögfesta, að fulltrúar vinnuveitenda, launþega og ríkisvalds settust á rökstóla a. m. k. tveim mánuðum áður en allsherjar kjarasamningar rynnu út og gerðu á því allsherjar könnun á grundvelli beztu fáanlegra upplýsinga um afkomu atvinnuveganna og þjóðarbúsins, hverjar séu þær hæstu rauntekjur, er launþegar geti borið úr býtum, án þess að til almenns taprekstrar og þar af leiðandi atvinnuleysis leiði. Ef að slíku væri unnið af raunsæi og ábyrgðartilfinningu af hálfu þeirra aðila, er hlut eiga að máli, má fyrir fram telja líklegt, að í flestum tilvikum náist samkomulag.

En hvað nú, ef samkomulag næst ekki? Ég er þeirrar skoðunar, að lögbann gegn vinnustöðvunum, hvort heldur eru verkföll eða verkbönn, sé óraunhæft. Hins vegar tel ég, að til athugunar gæti komið, ef áðurnefndar samningaumleitarnir bera ekki árangur, hvort ekki sé unnt að fara þá leið í ríkara mæli en nú er, að samtök launþega ákveði einhliða kaup-taxta, en beri þá auðvitað ábyrgð á því, að vinna fáist fyrir þá taxta. Hér er engan veginn um nýjung að ræða, þar sem allfjöldmennar stéttir hafa þegar fengið slíka aðstöðu viðurkennda, svo sem bifreiðastjórar, tannlæknar, verkfræðingar, lögfræðingar o. fl., auk þess sem svo mun raunverulega vera um fjölmennar stéttir iðnaðarmanna, sem vinna eftir uppmælingum. Aðhald um það, að slíkar ákvarðanir yrðu ekki teknar á algjörlega óábyrgan hátt, kæmi fram í því, að auðvitað yrðu þeir, sem slíkan rétt fengju, að bera ábyrgð á atvinnumöguleikum sínum, á sama hátt og leigubifreiðastjórar verða nú einir að bera ábyrgð á því, að gjöld fyrir afnot leigubifreiða séu ekki svo há, að fæstir hafi efni á því að nota þær. Þetta fyrirkomulag getur því auðvitað ekki náð til opinberra starfsmanna eða annarra, sem hafa tryggða fasta vinnu, þeirra launamál verður að leysa með öðru móti.

Þó að slíkt fyrirkomulag tryggi auðvitað ekki, að til samdráttar og jafnvel stöðvunar í einstökum atvinnugreinum geti komið, ef taxtarnir eru ákveðnir óhæfilega háir, mundi það að verulegu leyti fyrirbyggja það mikla tjón og óþægindi, sem víðtækar vinnustöðvanir oft valda saklausum almenningi, sem engin áhrif getur haft á lausn þeirra mála, er vinnudeilan stendur um.